

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2003. Mánudaginn 1. desember var haldinn 233. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Fríkirkjuvegi 11 og hófst kl. 17:30. Viðstaddir voru: Ingvar Sverrisson formaður, Sigurður B. Guðmundsson, Páll Ármann Eggertsson, Ragnar Örn Pétursson, Sigmar Eðvardsson, Andrés Ingólfsson, Ingi Þór Hermannsson og Egill T. Jóhannsson.

Jafnframt: Logi Sigurfinnsson framkvæmdastjóri sem skrifaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð seinasta fundar. Ekki gerðar athugasemdir.
2. Rætt um tilboð í stólalyftu fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum. Eftirfarandi bókun lögð fram:
Að mati stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins eru þau tilboð sem bárust í nýjar stólalyftur ekki aðgengileg. Stjórnin samþykkir því að gengið verði til sammingskaupa vegna kaupna á notaðri lyftu við þá bjóðendur sem buðu.
Samþykkt samhljóða. Páll Grétarsson var í símsambandi við fundinn og lýsti sig samþykkan bókuninni.
3. Framkvæmdastjóri upplýsti fundarmenn um fyrstu opnun vetrarins.
Formaður lagði fram eftirfarandi bókun:
Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins lýsir yfir mikilli ánægju með þann kraft og dugnað sem starfsmenn skíðasvæðanna sýndu við opnun í Bláfjöllum við erfiðar aðstæður.
Fjöldi ánægðra gesta lagði leið sína í fjallið sem ber vott um mikinn áhuga á því sem verið er að gera.
Samþykkt samhljóða.
4. Framkvæmdastjóri kynnti nefndarmönnum fyrirhugaða blaðagrein áhugamanns um hella í Bláfjöllum.

Fundi slitið kl. 18:15.

Ingvar Sverrisson

Páll Ármann Eggertsson
Sigurður B. Guðmundsson
Ingi Þór Hermannsson
Ragnar Örn Pétursson

Andrés Ingólfsson
Sigmar Eðvardsson
Egill T. Jóhannsson